



FLOKKUNARTAFLA OG VERKLAG

1. Flokkunartafla

Hér að neðan má sjá dæmi um úrgangsflokkunartöflu. Í töflunni má finna upplýsingar um úrgangsflokkana ásamt merki flokksins. Að auki er reitur þar sem hægt er að fylla inn staðsetningu tunnu og losunaraðila. Hægt er að vinna slíka flokkunartöflu fyrir vinnustaðinn, prenta töfluna út og hengja upp á kaffistofum starfsmanna og í þeim rýmum þar sem úrgangsflokkun fer fram.

Merki	Úrgangsflokkur	Staðsetning og losunaraðili
	<u>Almennt heimilissorp</u> Allt sorp sem ekki er hægt að flokka til endurvinnslu.	
	<u>Skrifstofupappír</u> Bréfefni, prent-, ljósritunar- og faxpappír. Ekki litaður ljósritunarpappír, skilaboðamiðar með lími eða umslög.	
	<u>Dagblöð og tímarit</u> Dagblöð, tímarit, auglýsingapóstur og prentpappír sem ekki fellur undir skrifstofupappír.	
	<u>Skilagjaldsumbúðir</u> Skilagjaldskyldar umbúðir. Ál, gler og plast.	
	<u>Lífrænn úrgangur</u> Ávextir og grænmeti, egg og eggjaskurn, kaffikorgur, tepokar, eldhúspappír, pasta, brauð, ostur o.fl. Hér má einnig setja eldhúspappír	
	<u>Kassar úr bylgjupappa</u> Flutningskassar og aðrir stærri umbúðakassar t.d. utan af ljósritunarpappír. Brjóta þarf kassa saman til að þeir staflist betur.	
	<u>Pappi</u> Umbúðir úr pappír og kartoni, bæði sléttur pappi og bylgjupappi. Fjarlægjið plastumbúðir og matarleifar.	

	<p><u>Fernur</u> T.d. djúsfernur, mjólkurfernur og fernur sem klæddar eru álfilmu. Plaststúta ber að fjarlægja. Skolið þær vel, látið þorna og brjótið svo saman þannig að þær taki sem minnst pláss.</p>	
	<p><u>Plastumbúðir</u> Umbúðir úr plasti. Brúsar skulu vera án loks. Fjarlægið matarleifar. Flöskur með skilgjaldi fara í „skilgjaldsumbúðir“.</p>	
	<p><u>Málmur</u> T.d. niðursuðudósir, álpappír, lok úr áli á mjólkurvörum og málmlok af krukum. ATH: EKKI RAFTÆKI. Fjarlægið matarleifar og skolið vel.</p>	
	<p><u>Rafhlöður</u> Allar rafhlöður.</p>	
	<p><u>Spilliefni</u> Öll spilliefni. Setja skal tóm <u>prent og ljósritunarhylki</u>, sem ekki er hægt að endurnota, í spilliefnaílátið.</p>	